



## 14. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Þriðjudaginn 5. desember 2006, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Kynning á samstarfi ríkisins og sveitarfélaga á NV um menningarmál - fulltrúar SSNV mæta á fundinn.
2. Erindi frá félagsmálaráðuneyti, dags. 28. nóv. 2006.
3. Erindi frá hesteigandafélagi Blönduóss, dags. 30. nóv. 2006.
4. Erindi frá Hafnarsambandi sveitarfélaga.
5. Erindi frá lögmönnum Árbæ slf., dags. 1. des. 2006.
6. Fjárhagsáætlun 2007.
7. Önnur mál.

### Agreiðslur:

1. Kynning á samstarfi ríkisins og sveitarfélaga á NV um menningarmál - fulltrúar SSNV mæta á fundinn.

*Mættir eru Björn Magnússon og Haukur Suska Garðarsson til kynningar á væntanlegum menningarsamningi við ríkið. Kynntu þeir fundarmönnum helstu atriði draga að samningi og svöruðu fyrirspurnum. Véku þeir af fundi að loknum þessum lið.*

*Bæjarráð vísar drögum að menningarsamningi til umsagnar í menningar- og fegrunarnefnd.*

2. Erindi frá félagsmálaráðuneyti, dags. 28. nóv. 2006.

*Ráðuneytið óskar umsagnar og skýringa á bréfi Jónasar Skaftasonar, dags 20. nóvember 2006 vegna skólaaksturs og rekstur sérleyfishafa í sveitarfélaginu.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að rita félagsmálaráðuneytinu bréf.*

3. Erindi frá hesteigandafélagi Blönduóss, dags. 30. nóv. 2006.

*Erindið varðar álöggð fjallskil á eigendur hrossa í Blönduósbæ og er því vísað til umsagnar í landbúnaðarnefnd.*

4. Erindi frá Hafnarsambandi sveitarfélaga.

*Erindið varðar gjaldskrármál hafna og er lagt fram til kynningar.*

5. Erindi frá lögmönnum Árbæ slf., dags. 1. des. 2006.

*Fram kemur að héraðsdýralæknir hefur hug á að koma upp dýraspítala á Blönduósi og er þess farið á leit að fulltrúar sveitarfélagsins eigi fund um málið til að ræða nánari útfærslu á uppbyggingu.*

*Bæjarráð fagnar þessari hugmynd, lítur jákvætt á málið og samþykkir að fulltrúar sveitarfélagsins eigi fund um málið.*



**6. Fjárhagsáætlun 2007.**

*Farið yfir vinnugögn og forsendur. Vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn 12. des. nk.*

**7. Önnur mál.**

**a. Sala íbúða.** *Bæjarráð felur bæjarstjóra að rita leigjendum bréf og kanna með áhuga á kaupum á íbúðum í félagslega kerfinu. Löggiltur aðili verði fenginn til að meta íbúðarverð.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 18:50.**

*Héðinn Sigurðsson  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson  
Ágúst Þór Bragason*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir*

*Áheyrnarfulltrúi:  
Valdimar Guðmannsson*